

Minnisblað

Til: Birgis Gunnarssonar
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 14. október 2020
Mnr. 2020090060



ÍSAFJARÐARBÆR

Varðandi málsmeðferð í máli 2020090060 – Skógar og Horn í Mosdal við Arnarfjörð

Á 1122. fundi bæjarráðs, þann 21. september 2020, var bókað um framlagningu tölvupósts Einars Bárðasonar, framkvæmdastjóra Votlendissjóðs, dags. 14. september 2020, þar sem óskað er eftir leyfi eða samþykki fyrir endurheimt votlendis á jörðunum Skógum og Horni í Mosdal við Arnarfjörð.

Jafnframt var lögð fram aðgerðaáætlun um endurheimt votlendis, dags. 7. mars 2016, almennar leiðbeiningar um endurheimt votlendis, dags. 1. sept. 2019, og upplýsingaskjal um endurheimt votlendis, skipulag og leyfi.

Bæjarráð vísaði erindinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar og skipulags- og mannvirkjanefndar.

Í bókun 100. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar, sem fram fór 13. október sl., segir að umhverfis- og framkvæmdanefnd geti ekki heimilað áform á grundvelli Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar 2008-2020 þar sem segir að „Gert er ráð fyrir því að þau svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar, auk þeirra svæða sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði eins og vegasamband og rafveitu, verði skilgreind sem landbúnaðarsvæði.“ Eins stendur þar „Með þessu er reynt að halda í verðmæti landbúnaðarjarðanna og tryggja að hægt verði að nýta góð landbúnaðarsvæði eyðijarða til landbúnaðar í framtíðinni.“

Ef áætlað er að breyta landbúnaðarlandi í votlendi, ber þá fyrst að breyta í viðeigandi landnotkunarflokk, úr landbúnaðarsvæði yfir í skógræktar- og landgræðslusvæði í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Á 545. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, þann 14. október 2020, var bókuð tillaga til bæjarstjórnar að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis vegna endurheimt votlendis á jörð Skóga og Horns á vegum Votlendissjóðs. Telur nefndin að svæðið sem um ræðir falli ekki undir skilgreiningu núverandi Aðalskipulags sem landbúnaðarjarðir sem beri að halda í.

Ljóst er að niðurstaða nefndanna stangast á um hvort ofangreindar jarðir falli undir skilgreiningu Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar um landbúnaðarjarðir.

Í 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er kveðið á um skipulagsnefndir sveitarfélaga, en þar segir að skipulagsnefndir fara með skipulagsmál, þ.m.t. umhverfismat skipulagsáætlana, undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins segir í 6. tl. 47. gr. að skipulags- og mannvirkjanefnd fari með byggingar- og skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum nr. 160/2010 um mannvirki. Nefndin hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð þróunaráætlana og skipulagstillagna og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim og um úthlutun lóða og gatnagerða og þjónustugjöld.

Er ofangreint staðfest í erindisbréfi nefndarinnar, auk þess sem fram kemur að skipulags- og mannvirkjanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins segir í 7. tl. 47. gr. að umhverfis- og framkvæmdanefnd fjalli um umhverfis- og náttúruverndarmál í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Umhverfis- og framkvæmdanefnd sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965, náttúruverndarnefndar samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 og umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald, dýraeftirlit, refa- og minkaeyðingu, meindýraeyðingu og fjárgirðingar, sbr. ákvæði gildandi laga þar um.

Í erindisbréfi nefndarinnar kemur fram að nefndin fjalli um umhverfis- og náttúruverndarmál í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og í umboði bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Nefndin gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun, reglur og gjaldskrár á sviði umhverfis og náttúruverndar. Þá segir að meginhlutverk nefndar um umhverfis- og framkvæmdamál er stefnumótun, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála.

Með hliðsjón af þessu verður að telja að bókun skipulags- og mannvirkjanefndar sé sú tillaga sem leggja skal til grundvallar við meðferð málsins fyrir bæjarstjórn, en líta verði á bókun umhverfis- og framkvæmdanefndar sem umsögn um málið.